



Skipulagsstofnun
b/t Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartúni 7b
150 Reykjavík



Dalvíkurbyggð, 8. apríl 2022
nr. erindis 202203035 GPJ

Varðar: Íslandsþari – umsagnarbeiðni.

Vísað er til erindis frá Skipulagsstofnun sent í tölvupósti 7. mars 2022 hvar óskað er eftir að móttakandi erindisins gefi umsögn um framleiðslu Íslandsþara á algínati og þaramjöli úr stórþara skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Endanleg staðsetning starfseminnar hefur ekki verið ákveðin en þrjár staðsetningar eru til skoðunar í tveimur kaupstöðum, þ.e. á Dalvík og Húsavík.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði umsagnaraðili telji þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Frestur til umsagnar var gefinn 5. apríl en Dalvíkurbyggð fékk undanþágu til að skila þann 8. apríl.

Umsögnin hefur verið til umfjöllunar í byggðaráði án athugasemda og er staðfest af umhverfisráði þann 8. apríl 2022.

Umsögn Dalvíkurbyggðar:

Í umsögn Dalvíkurbyggðar er eingöngu horft á framleiðslu algínata og þaramjöls úr stórþara skv. skýrslu Mannvits. Ekki er horft til sláttar eða söfnunar á hráefninu, þaranum, enda það ekki til umfjöllunar í beiðni Skipulagsstofnunar. Sá þáttur starfseminnar heyrir undir Hafrannsóknarstofnun.



Um er að ræða hafssækna starfsemi og er nauðsynleg staðsetning nærrí hafnamannvirkjum. Á Dalvík er til umfjöllunar ný landfylling L2 við Sandskeið á samþykktu deiliskipulagi hafnarinnar.

Dalvíkurbyggð bendir á að staðsetning norðan nýja fiskvinnsluhúss Samherja við Austurgarð væri líka ákjósanlegur kostur vegna eðlis starfseminnar. Þar er nú þegar athafnasvæði hafnsækinnar starfsemi og lengra í alla íbúabyggð. Þá er hæð hússins sambærileg fiskvinnsluhúss Samherja og myndi ekki stinga í stúf í því umhverfi.

„Sú starfsemi sem fer fram í vinnsluhúsnæðinu er metin hafa lítil áhrif á hljóðvist þar sem vinnsluhúsnæðið takmarkar það hljóð sem berst frá vinnslunni og sökum staðsetningar vinnsluhúsnæðis á athafna- eða hafnarsvæði og ekki nærrí íbúabyggð.“ Dalvíkurbyggð óskar eftir nánari upplýsingum um mælingar á mögulegum hávaða frá starfseminni, þ.e. desibil utan veggja verksmiðjunnar. Einnig hvernig hönnun hússins hefur áhrif á hljóðvistina þar sem nálægð íbúabyggðar er 70 metrar þar sem styst er í nærliggjandi hús.

Skipulag: Aðalskipulag liggur fyrir og er samþykkt. Sá hluti deiliskipulagsins sem um ræðir var frestað og er það kostur. Þá er hægt að gera deiliskipulag með fyrirhugaða starfsemi í huga skv. metinni þörf með mögulega stækkun til framtíðar. Ný landfylling L2 við Sandskeið rúmar vel starfsemina sem lýst er í kafla 2.1. Verði horft til staðsetningar við Austurgarð þarf einnig að fara í útfærslu sjávarvarnar og landfyllingu eins og við Sandskeið.

Starfsemin er skilgreind sem græn starfsemi. Fullnýting á hráefni. Það sem fellur til í fráveitu er vatn og sölt sem hefur lítil sem engin áhrif á umhverfi. Stutt er í fráveitu frá framleiðsluhúsi, Suðurstöð. Sama á við um staðsetningu við Austurgarð, Norðurstöð.

Í skýrslunni er gerð nægjanleg grein fyrir umhverfi og umhverfisáhrifum. Fram kemur að ávallt verði um vinnslu úr ferskum þara að ræða. Ástæða er til að árétt að skilyrði verði sett um að fari hráefni yfir ákveðinn aldur/dagafjölda frá slætti sé það ekki sett í þurrkun og því fargað. Þetta er til að tryggja að lykt frá starfseminni trufli ekki nálæga starfsemi/íbúabyggð.

Leyfi sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

- Breytingar á deiliskipulagi.
- Byggingarleyfi fyrir húsnæði.
- Framkvæmdaleyfi ef til framkvæmdar kemur.
- Ytra eftirlit fellur undir Heilbrigðiseftirlit. Innra eftirlit hjá fyrirtækinu.



Framkvæmdasvið

DALVÍKURBYGGÐ

VIRÐING
JÁKVÆÐNI
METNAÐUR

Dalvíkurbyggð telur að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum enda kallar hún á skipulagsbreyingar sem heimila samráð og grenndarkynningar skv. lögum þar um.

Virðingarfyllst,
f.h. Dalvíkurbyggðar

Guðrún Pálína Jóhannsdóttir
Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Umsögn Norðurþings

Til : Sigurður Ásbjörnsson - SLS <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is>; Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>
Frá : Sigurdís Sveinbjörnsdóttir <sigurdis@nordurthing.is>
Heiti : Umsögn Norðurþings
Málsnúmer : 202202092
Málsaðili : Íslandsþari
Skráð dags : 24.03.2022 00:00:00
Höfundur : Sigurdís Sveinbjörnsdóttir <sigurdis@nordurthing.is>

Viðhengi image001.png

Góðan dag

Íslandsþari-umsagnarbeiðni

Erindið var tekið fyrir á 122. fundi skipulags- og framkvæmdaráðs Norðurþings þann 22. mars 2022 og eftirfarandi bókað:

Skipulagsstofnun óskar umsagnar Norðurþings um uppbyggingu á Húsavík eða Dalvík vegna fyrirhugaðrar framleiðslu algínata, sellulósa og þaramjöls úr stórbara. Fyrir liggur fyrirspurn/greinargerð Íslandsþara til Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar, dags. mars 2022. Fyrirhuguð framkvæmd felst í uppbyggingu 4.000-6.000 m² húsnæðis á hafnarsvæði til vinnslu á stórbara. Reiknað er með að unnið verði úr um 40.000 tonnum af stórbara árlega eftir að verksmiðja er komin í fullan rekstur 2027. Við fulla framleiðslu er gert ráð fyrir allt að 100 störfum, þar af 85 á landi og 15 tengdum söfnun hráefnis úr sjó. Á Húsavík er horft til tveggja mögulegra staðsetninga, annarsvegar fyrirliggjandi landfyllingar sunnan hafnarsvæðis (A3) og hinsvegar fyrirliggjandi landfyllingar innan norðurhafnar (H2). Ekki er gert ráð fyrir umtalsverðri hávaðamengun vegna starfseminnar í ljósi þess að vinnslan fer öll fram innanhúss. Starfsemin er talin hafa lítil sem engin áhrif á lyktarmengun þar sem ávallt verði unnið með ferskt hráefni og útgufa frá vinnslunni verður nánast hrein með óverulegri lykt. Á Húsavík yrði fyrirhuguð uppbygging á nýlegum nánast gróðurvana landfyllingum, þar sem ekki yrði um að ræða röskun náttúrulegs kjörlendis, dýralifs eða fornleifa.

Skipulags- og framkvæmdaráð Norðurþings telur að framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mótvægisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt í greinargerð. Þær tvær lóðir sem til greina koma á Húsavík eru á fyrirliggjandi landfyllingum og innan svæða sem deiliskipulögð hafa verið. Eins og fram kemur í greinargerð mun þurfa að gera breytingar á deiliskipulagi vegna uppbyggingar á Húsavík, hvor lóðin sem valin yrði. Breytingar félust í sameiningu óbyggðra athafnalóða og heimildar til að byggja stærra og hærra atvinnuhúsnæði en gildandi deiliskipulög heimila. Uppbygging væri háð framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi af hálfu sveitarfélagsins.

Þetta tilkynnist hér með.

Sigurdís Sveinbjörnsdóttir

Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa

Stjórnsýsluhúsi Norðurþings | Ketilsbraut 7-9 | 640 Húsavík | sími: 464-6100



Um ábyrgð á tölvupósti/email disclaimer

From: Sigurður Ásbjörnsson - SLS

Sent: mánudagur, 7. mars 2022 09:27

To: dalvikurbyggd@dalvikurbyggd.is; katrin@dalvikurbyggd.is; Norðurþing ; Kristján Þór Magnússon ; aslaug.holmgeirsottir@mar.is; mar@mar.is; fiskistofa ; Guðni Magnús Eirksson - FISK ; hafogvatn@hafogvatn.is; Rakel Guðmundsdóttir - HAFRO ; Alfreð Schiöth (alfred@hne.is) ; hne@hne.is; brunavarnasvid@hms.is; Matvælastofnun MAST ; Afgreiðsla Húsnæðis- og mannvirkjastofnun – HMS ; Kristinn Magnússon ; Möttaka - NI ; Snorri Sigurðsson - NI ; Umhverfisstofnun (ust@ust.is) ; Vinnueftirlitið - VER ; postur@minjastofnun.is

Subject: Íslandsþari - umsagnarbeiðni

Til: Dalvíkurbyggðar og Norðurþings, Matvælaráðuneytisins, Fiskistofu, Hafnarssóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, brunavarnasviðs Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, Matvælastofnunar, Minjastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vinnueftirlits ríkisins.

Góðan dag

Íslandsþari hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttokin 4. mars 2022 um framleiðslu algínata og þaramjöls úr stórbara skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Rétt er að vekja athygli á því að endanleg staðsetning starfseminnar hefur ekki verið ákveðin en í meðfylgjandi greinargerð eru þrijár staðsetningar til skoðunar í tveimur kaupstöðum, þ.e. á Dalvík og Húsavík.



Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Eld Skráðarstofnun
Mótt.: - 4. apríl 2022
Málin:
20220120192

Hafnarfjörður 29. mars 2022
Tilv. 2022-03-08-1342/2.5.1

Efni: Varðar verksmiðjuhúsnæði vegna landvinnslu stórfara á norðurlandi

Með tölvupósti þann 7. mars sl. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu framkvæmda sem varða fyrirhugaða byggingu verksmiðjuhúsnæðis vegna landvinnslu stórfara á norðurlandi. Fram kemur að verksmiðjan verði byggð á hafnarsvæði annaðhvort á Dalvík eða Húsavík. Fiskistofa telur að nægar upplýsingar liggi fyrir til að hægt sé að leggja mat á möguleg áhrif framkvæmdarinnar.

Fiskistofa fær ekki séð að bygging þaraskurðarverksmiðju á hafnarsvæði í Dalsvík geti haft áhrif á veiðihagsmuni. Á Húsavík myndi framkvæmdasvæðið vera við Búðará, en þar kann að vera einhver fiskigengd. Umhverfi Búðarár er þó þegar mikið raskað og veiðihagsmunir litlir þar eða engir.


Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði eða er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Miðað við forsendur í fyrilliggjandi gögnum telur Fiskistofa ekki nauðsynlegt að framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum, m.t.t starfssviðis Fiskistofu.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík



HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsóknar- og ráðgjefarstofnun hafs og vatna

Hafnarfirði, 05.04.2022
MFRI: 2022-03-0292

Efni: Stórhari fyrir norðurlandi - landvinnsla

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst þann 7. mars 2022. Íslandsþari ehf. hefur sent tilkynningu um ofangreinda framkvæmd til Skipulagsstofnunar skv. skv. 19. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skipulagsstofnun óskar eftir því að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um framkvæmdina í samræmi við 20 gr. laga nr. 111/2021.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Hafrannsóknastofnun telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Einnig hvort Hafrannsóknastofnun telji að einhver atriði þarfni frekari skýringa og ef svo er, hvaða atriði það eru og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Þaraskurður er ekki tilkynntur í þessari framkvæmd þar sem leyfi hefur verið gefið út fyrir honum af hálfu Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytinu. Þessi fyrirspurn um matsskyldu tengist byggingu vinnsluhúsnæðis á Dalvík eða Húsavík.

Til stendur að reisa 4.000 – 6.000 m² vinnsluhúsnæði og unnið verður úr allt að 40.000 tonnum á ári af þarablöðum og stilkuum (4.000 tonn þurrefni). Stefnt er að því að vinnslan verði byggð upp í áföngum á 6 ára tímabili.

Í tilkynningunni kemur fram að gert er ráð fyrir að sýran og líturinn sem notuð verða muni hlutleysa hvort annað í framleiðsluferlinu en jafnframt að pH í frárennsli verksmiðjunnar geti verið á bilinu 6-10. Mikilvægar upplýsingar vantar í tilkynninguna eins og t.d. hver styrkur efna verður í frárennsli, magn þess og hvernig fráveitukerfi verður hannað. Fram hefði þurft að koma hvort frárennslið verður leitt í fráveitukerfi bæjarfélagsins eða hvort það yrði leitt út sérstaklega fyrir þessa starfssemi. Þá hefði þurft að gera grein fyrir vöktun á frárennslinu væri það leitt út í viðtakann án þess að það blandaðist fráveitu bæjarfélagsins.

Umsagnaraðilar geta ekki metið möguleg umhverfisáhrif sé skortur á grundvallarupplýsingum eins og þessum. Því telur Hafrannsóknastofnun sig ekki geta tekið upplýsta afstöðu til þess hvort þessi framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum eða ekki.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Rakel Guðmundsdóttir

Rakel Guðmundsdóttir

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík



Hafnarfirði, 26.04.2022
MFRI: 2022-04-0354

Efni: Viðbrögð Íslandsþara vegna umsagnar Hafrannsóknastofnunar um vinnslu á landi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 20. apríl 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna viðbragða Íslandsþara/Þaravinnslunnar við umsögn Hafrannsóknastofnunar (MFRI: 2022-03-0292) um framkvæmd sem kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Vankantar voru á tilkynningunni að mati Hafrannsóknastofnunar þar sem ekki lágu fyrir upplýsingar um styrkleika eða magn efna í fráreynslu ásamt því að skortur var á upplýsingum um hönnun fráreynslisins.

Framkvæmdaraðili sendi Skipulagsstofnun í kjölfarið þessar upplýsingar og er þessi umsögn viðbrögð við þeim.

Hafrannsóknastofnun telur því sennilegt að í ljósi viðbótarupplýsinganna sem framkvæmdaraðili sendi um fráreynslu fyrirhugaðrar verksmiðju og að því gefnu að reglugerð um fráveit og skólp sé uppfyllt að umrædd framkvæmd þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Rakel Guðmundsdóttir
Rakel Guðmundsdóttir

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra

Til : Sigurður Ásbjörnsson - SLS <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is>
Frá : Alfred Schiöth <alfreds@hne.is>
CC : Jóhannes Haukur Hauksson <johannes.haukur@hne.is>; Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra <hne@akureyri.is>
Heiti : Umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra
Málsnúmer : 202202092
Málsaðili : Íslandsþari
Skráð dags : 06.04.2022 00:00:00
Höfundur : Alfred Schiöth <alfreds@hne.is>

Viðhengi Íslandsþari - Fyrirspurn um matsskyldu.pdf

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur kynnt sér meðfylgjandi gögn Íslandsþara og er þeirrar skoðunar að fyrirhuguð áform kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til 1. og 2. viðauka laga um umhverfismat, m.a. vegna stærð bygginga og fjölpætts vinnsluferils þar sem um er að ræða talsverða efnanotkun

Að mati Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra er fyrirhuguð starfssemi háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar, m.a. vegna hráefnisöflunar (náttúruverndarsjónarmið) og framleiðslu hjálparefna í lyfjaiðnaði

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra leggur áherslu á mikilvægi þess að móta ítarleg viðmið vegna frárennslis og mögulegrar lyktar- og hávaðamengunar

Virðingarfyllst

Alfreð Schiöth

heilbrigðisfulltrúi

From: Sigurður Ásbjörnsson - SLS
Sent: miðvikudagur, 6. apríl 2022 09:53
Subject: Íslandsþari - ítrekuð umsagnarbeiðni

Góðan dag

Skipulagsstofnun ítrekar fyrri beiðni um umsögn um matsskyldu ofangreinds verkefnis. Umsagnarbeiðnin var send 7. mars sl.

Með kveðju,

Efnihald Skiptulagsháttur
Móti: 11. apríl 2022
Málen:
202202092

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Selfossi, 11. apríl 2022
Tilvísun: 2203344

Efni: Íslandsþari- umsögn Matvælastofnunar

Matvælastofnun hefur ekki forsendur með hliðsjón af umhverfismálum að veita umsögn um fyrirhugaða framleiðslu algínata og þaramjöls úr stórbara. Hér verður þó vakin athygli á innihaldi stórbara (*Laminara hyperborea*) hvað varðar ólífraent arsen, cadmium og joð. Einnig eru upplýsingar um leyfi sem slík starfsemi þarf vegna matvæla- áburðar og fóðurframleiðslu.

Norska hafrannsóknastofnunin gaf út skýrslu 2020 um innihald ólífraens arsens, cadmium og joð í stórbara með tilliti til öryggis matvæla og fóðurs. <https://www.hi.no/templates/reporteditor/report-pdf?id=34442&52331607>

Í *Laminara hyperborea* er innihald Cadmium skv. skýrslunni 0.82 mg /kg þurrefnis og ólífraens arsens 0,03-0,04 mg /kg þurrefnis og er það mun lægra en í öðrum tegundum stórbara.

Skv. skýrslunni er innihald joðs mun hærra í *Laminara hyperborea* en í öðrum tegundum stórbara en það er 4100 mg/ kg þurrefnis. *Laminara digitata* er eina tegundin sem inniheldur meira joð eða 5100 mg/kg.

Ráðlagður dagskammtur fyrir fólk af joði er 150 µg og hámarksdagskammtur er 600 µg.

Matvælastofnun er ekki kunnugt um hvort innihald cadmium, arsens og joðs í þessari tegund hér sé sambærilegt og annars staðar.

Matvælastofnun bendir jafnframt á að söfnun eða ræktun þangs/þara telst vera frumframleiðsla matjurta í skilningi matvælalaga nr. 93/1995. Sú starfsemi er því tilkynningaskyld til viðkomandi heilbrigðisnefndar. Ef starfseminni fylgir vinnsla á þara og / eða pökkun í neytendaumbúðir er sú starfssemi starfsleyfisskyld hjá heilbrigðisnefnd.

Ef ætlunin er að vinna áburð úr þara sem safnað er er nauðsynlegt að sækja um skráningu til vinnslunnar sem áburðarfyrirtæki til Matvælastofnunar og jafnframt sækja um skráningu áburðarins samkvæmt lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru nr. 22/1994.

Ef nýta á þaramjöl og annað slíkt sem fóður og setja á markað þarf að sækja um skráningu vinnslunnar sem fóðurfyrirtæki til Matvælastofnunar sem heldur skrá yfir fóðurfyrirtæki samkvæmt lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru nr. 22/1994. Gæta þarf af óæskilegum efnum í fóðrinu, en arsen hefur mælst yfir leyfðum mörkum í þaramjöli sem unnið er úr *Laminara digitata*.

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar

Dóra S. Gunnarsdóttir

Dóra S. Gunnarsdóttir



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið


Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík



Reykjavík 7. apríl 2022
MÍF202204-0041 / 6.07 / K.M.

Efni: Stórþari fyrir Norðurlandi – landvinnsla.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 7. mars s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Íslandsþari ehf. hefur fengið heimild frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti til söfnunar á stórþara fyrir Norðurlandi á tímabilinu 1. janúar 2022 til 21. desember 2027. Söfnunin er til rannsókna og uppskeru á stórþaranum.

Í skýrslu Íslandsþara segir að ráðgert sé að byggja húsnæði á Norðurlandi til að vinna þara og til að rannsaka frekari vinnslumöguleika þarans. Gert er ráð fyrir að reisa 4.000 til 6.000 m² húsnæði fyrir vinnsluna á hafnarsvæði í því sveitarfélagi sem verður fyrir valinu. Til skoðunar eru tveir staðir á Húsavík, innan hafnarsvæðis H-2 og innan hafnarsvæðis A3. Á Dalvík er verið að skoða athafnasvæði 107-A sem verður á landfyllingu.

Í skýrslu Íslandsþara kemur fram að öll svæðin sem til skoðunar eru séu á nýlegri landfyllingu eða fyrirhugaðri landfyllingu. Árið 2016 veitti Minjastofnun umsagnir um tillögu að deiliskipulagi Dalvíkurhafnar og aðliggjandi svæða og um tillögu að deiliskipulagi athafnasvæðis A3 og fleiri svæða við Húsavíkurhöfn. Ekki voru gerðar athugasemdir við framkvæmdir á þeim reitum sem hér eru til umfjöllunar.

Minjastofnun Íslands telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Eftornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fljótt sem*

Vakin er athugið á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvæðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnarsýslustigi og ekki keranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athugið á því að skv. 21. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili málს óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi tilkum rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

*auðið er huort verki megi fram halda og með hváða skilmálum.
Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi
Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfullst,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri


Afrit sent í tölvupósti:

Sigurður Ásbjörnsson (sigurdur.asbjornsson@skipulag.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjarnarsonar
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK



Garðabær, 5. apríl 2022
Málsnúmer: 202203-0010
SS

Efni: Umsögn um matsskyldu framleiðslu Íslandsþara ehf. á algínata og þaramjöli úr stórbæra

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun dags. 7. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldu framkvæmdar Íslandsþara ehf. um framleiðslu algínata og þaramjöls úr stórbæra skv. 19. grein laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Líkt og fram kemur í greinargerð með fyrirspurninni hefur Íslandsþari ehf. fengið heimild til söfnunar og vinnslu á stórbæra (*Laminaria hyperborea*) til rannsókna og uppskeru fyrir Norðurlandi á tímabilinu 1. janúar 2022 til 21. desember 2027.

Leyfi til þaratöku er ekki til umfjöllunar í þessari matsskyldufyrirspurn enda fellur nýting sjávargróðurs ekki undir ákvæði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 heldur telst til nytja á nytjastofni og byggir á lagastoðum laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 sem og laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997 en rannsóknar- og uppskeruleyfið til Íslandsþara ehf. var veitt með vísan til 13. grein þeirra laga.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur gagnrýnt þessa leyfisveitingu og skort á samráði varðandi hana. Þeiri gagnrýni var ma. komið á framfæri í nýlegri umsögn til atvinnuveganefndar Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni), 350. mál 152. löggjafarþings. Í því frumvarpi er m.a. verið að leggja til að lögbundin aðkoma Náttúrufræðistofnunar Íslands sem ráðgjafi um nýtingu sjávargróðurs verði felld úr texta laganna og leggst Náttúrufræðistofnun gegn því. Umsögn NÍ til Alþingis má sjá í heild sinni hér: <https://www.althingi.is/altext/erindi/152/152-1075.pdf>

Í umsögninni er vísað í áform Íslandsþara ehf. þó fyrirtækið sé ekki nafngreint en þar segir:
„*Ýmis áform eru uppi um stóraukna nýtingu á þangi og þara hérlandis. Nýlegt dæmi eru áform um mikla nýtingu á stórbæra utan fyrir Norðurlandi. Veitt hefur verið rannsóknarleyfi til nýtingaraðilans sem felur í sér heimild til að taka verulega mikinn lífmassa af stórbæra eða yfir 130 þúsund tonn næstu fimm árin. Kemur magnið mjög á óvart miðað við að einungis er um rannsóknarleyfi að ræða og ekki að finna rökstuðning fyrir því af hverju þarf að taka slikt magn sem hluta af rannsókninni. Rannsóknarleyfi krefst einungis umsagnar Hafrannsóknarstofnunar og því var ekki leitað til Náttúrufræðistofnunar varðandi þessa leyfisveitingu. Áformuð þaratökusvæði utan af Norðurlandi liggja afar nálægt svæðum sem Náttúrufræðistofnun hefur skilgreint sem mikilvæg fugla- eða selasvæði og sem eru í tillögum*



stofnunarinnar að B-hluta náttúruminjaskrár. Við veitingu rannsóknarleyfisins var ekki horft til mikilvægra sjónarmiða um verndargildi tiltekinna svæða sem til skoðunar voru. Ær þetta gott dæmi um mikilvægi þess að Náttúrufræðistofnun fái tækifæri til að veita ráðgjöf um nýtingu á sjávargróðri og sýnir að skýrt lögbundið hlutverk er besta leiðin til að tryggja það.“

Jafnframt kemur fram í umsögninni eftirsarandi: „*Lögbundið hlutverk Náttúrufræðistofnunar varðandi ráðgjöf um sjálfbæra nýtingu auðlinda og náttúruvernd er skilgreint sérstaklega í löggjöf um ýmis lögbundin ferli er varða t.d. skipulag, mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana og ýmsar leyfisveitingar. Stofnunin hefur hingað til ekki haft skýrt hlutverk varðandi ráðgjöf um sjálfbæra nýtingu nytjastofna í sjó, og það fyrst og fremst verið á hendi Hafrannsóknarstofnunar. Að mati Náttúrufræðistofnunar er full ástæða til að svo eigi ekki við um nýtingu sjávargróðurs. Um er að ræða lífveruhóp sem er undirstaða í lykilvistkerfum á mörkum lands og sjávar. Breytingar í t.d. útbreiðslu, lífmassa eða tegundasamsetningu sjávargróðurs getur haft mjög viðsem áhrif á íslenska náttúru líkt og fjallað er um hér að framan og sem Náttúrufræðistofnun hefur skýrt umboð og hlutverk til að veita ráðgjöfum. Þar sem þangskurður eða önnur nýting sjávargróðurs fellur ekki undir gildissvið laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana eru engir aðrir skýrir lögbundnir ferlar til staðar þar sem Náttúrufræðistofnun veitir ráðgjöf um þessa nýtingu.“*

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að draga fram hér þessi efnisatriði úr umsögn sinni um frumvarpið í ljósi þess að þaratakan sjálf er ekki til umfjöllunar í matsskyldufyrirspurninni heldur eingöngu vinnslan á landi og umhverfisáhrif við uppbyggingu og starfsemi hennar. Það er sannarlega óheppilegt að ekki hafi gefist tækifæri til að rýna umhverfisáhrif þaratökunnar gaumgæfilega áður en leyfi voru veitt á sambærilegan hátt og gert er á vettvangi umhverfismats þar sem eðli áhrifa af nýtingunni eru í raun ekki ósvipuð áhrifa af t.d. efnistöku af hafslotni eða öðrum framkvæmdum sem geta valdið fjölpáttá áhrifum á líffræðilega fjölbreytni. Þar getur verið um að ræða áhrif á bæði einstaka lífveruhópa sem nýta þaraskóga sem búsvæði sem og vistfræðileg hlutverk þaraskóga t.d. við kolefnisbindingu og sem uppeldisstöðvar tegunda sem tilheyra nytjastofnum eða eru mikilvæg fæða fyrir fugla, seli og annað dýralif. Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar um leyfisveitinguna er því miður ekki fjallað nægjanlega vel um þessi atriði að mati Náttúrufræðistofnunar og ekki um nálægð verndarsvæða eða mikilvægra búsvæða sjófugla og sela við sum af þessum áætluðu nýtingarsvæðum fyrir Norðurlandi.

Eins og kemur fram í greinargerðinni sem fylgir fyrirspurninni er stefnt að verklagi sem ætti að minnka bein áhrif af þaratökunni á lífríki svæðisins svo sem að fjarlægja einungis stóra einstaklinga og að skilja frá rótfestuna og losa aftur í sjóinn en ýmis botndýr festa sig við þann hluta þarans. Þá er miðað við að þaraskógerinn sé grisjaður á 4-5 ára fresti til að gefa honum tækifæri á endurnýjun. Þar af leiðandi ætti einungis að vera stefnt að þaratöku einu sinni á hverju svæði á gildistíma leyfisins. Það er vissulega jákvætt að stefnt sé að því að takka ákvæðin skref til að draga úr neikvæðum áhrifum þaratökunnar. Mikilvægt er að vöktun með áhrifum þaratökunnar sé fylgt eftir með breytingum á vali á þaratökusvæðum ef ummerki eru um að áhrif þaratökunnar á lífríkið séu neikvæð. Þessi aðferðafræði breytir því ekki að Náttúrufræðistofnun telur að of umfangsmikið leyfi hafi verið veitt fyrir þaratöku, bæði hvað

varðar magn og fjölda svæða. Engin fordæmi eru fyrir þaratöku af þessum toga hérlandis og mikilvægt að varlega sé stigið til jarðar þegar byrjað er á slíku.

Varðandi þau atriði sem eru til formlegrar umfjöllunar í fyrirspurninni er þar um að ræða framkvæmd undir tölulið 6.03 samkvæmt lögum nr. 111/2021 en sá liður nær til „[framleiðslu] á sævivörum, plöntuverndarvörum og lyfjum, málningu og lakk, gúmmílíki og peroxíðum þar sem gólfhlötur bygginga er a.m.k. 1.000 m²“


Mögulegar staðsetningar byggingarinnar eru á röskuðum svæðum í eða nálægt Húsavíkurhöfn eða við Dalvíkurhöfn. Ekki er talin þörf á nýjum landfyllingum í Húsavík en í Dalvík yrði vinnsluhúsnæðið staðsett á fyrirhugaðri landfyllingu sem er hluti af stærri framkvæmd á hafnarsvæðinu.

Möguleg umhverfisáhrif af vinnslunni, hvort sem hún yrði í Húsavík eða Dalvík, á lífríki og náttúru eru einkum vegna frárennslis. Miðað er við að styrkur saltlausnar sem myndast í vinnsluferlinu verði innan leyfilegra marka og eigi ekki að haf áhrif á magns salts í sjó eða á lífríki. Önnur mengunarhætta er lítil. Minniháttar búsvæðarask yrði vegna landfyllingar í Dalvík, en landfyllingar hafa þegar verið byggðar í Húsavík.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að umhverfisáhrif vegna uppbyggingar vinnsluhúsnæðis og vinnslu á þaraafurðum í Húsavík eða Dalvík verði minniháttar og að ekki sé þörf að sú framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Þrátt fyrir það eins og áður hefur komið fram telur Náttúrufræðistofnun að ágallar séu á ferli ákvarðanatöku við leyfisveitingar fyrir þaratöku af þessu umfangi hér á landi. Betra væri ef slíkar leyfisveitingar væru háðar sambærilegu mati á umhverfisáhrifum og leyfi vegna framkvæmda sem falla undir gildissvið laga nr. 111/2021. Þess vegna beinir Náttúrufræðistofnun því til Skipulagsstofnunar að kannað verði í þaula hvort og þá með hvaða hætti slík stórfelld nýting á þara gæti fallið undir lög um mat á umhverfisáhrifum og lagðar verði til breytingar á þeim lögum ef það er talið nauðsynlegt að mati Skipulagsstofnunar, svo fyrrnefnd lög taki tvímælalaust til slíkrar nýtingar.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs
Náttúrufræðistofnun Íslands

Íris Hlíðkvist Bjarnadóttir - SLS

From: Sverrir Aðalsteinn Jónsson <sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is>
Sent: miðvikudagur, 16. mars 2022 10:06
To: Sigurður Ásbjörnsson - SLS; Skipulagsstofnun - SLS
Subject: RE: Íslandsþari - umsagnarbeiðni

Góðan dag,

Umhverfisstofnun mun aðeins veita umsagnir þegar stofnunin er í lögum falið að vera umsagnaraðili nema talið sé sérlega mikilvægt að stofnunin veiti umsögn.

Umhverfisstofnun lögbundinn umsagnaraðili við gerð umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila, skv. 2. mgr. 68. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þá er Umhverfisstofnun lögbundinn umsagnaraðili þegar stofnunin er leyfisveitandi, svo sem samkvæmt 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. **Með hliðsjón af framangreindum ákvæðum mun stofnunin ekki veita umsögn.** Aftur á móti telji Skipulagsstofnun mikilvægt að Umhverfisstofnun veiti umsögn um ofangreinda framkvæmd getur Skipulagsstofnun óskað sérstaklega eftir umsögn með vísan í sérstakt mikilvægi.

Bestu kveðjur, Best regards
Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Teymisstjóri
Teymi starfsleyfa og umsagna



From: Umhverfisstofnun <ust@ust.is>
Sent: mánudagur, 7. mars 2022 09:52
To: Sverrir Aðalsteinn Jónsson <sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is>
Subject: FW: Íslandsþari - umsagnarbeiðni

UST202203-107

Bestu kveðjur, Best regards
Kristín Ágústa Björnsdóttir
Skjalavörður, Information and records clerk
Svið þjónustu, Department for Service



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)

From: Sigurður Ásbjörnsson - SLS <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is>
Sent: mánudagur, 7. mars 2022 09:27
To: dalvikurbyggd@dalvikurbyggd.is; katrin@dalvikurbyggd.is; nordurthing@nordurthing.is; kristjanthor@nordurthing.is; aslaug.holmgeirsottir@mar.is; mar@mar.is; fiskistofa@fiskistofa.is; Guðni Magnús Eiríksson - FISK <Guðni.M.Eiriksson@fiskistofa.is>; hafogvatn@hafogvatn.is; Rakel Guðmundsdóttir - HAFRO <rakel.gudmundsdottir@hafogvatn.is>; Alfred Schiðth <alfred@hne.is>; hne@hne.is; brunavarnasvid@hms.is; Matvælastofnun MAST <mast@mast.is>; Afgreiðsla Húsnaðis- og mannvirkjastofnun – HMS <hms@hms.is>; Kristinn Magnússon <kristinn@minjastofnun.is>; Móttaka - NI <mottaka@ni.is>; Snorri Sigurðsson - NI

Vinnueftirlitið

Skipulagsstofnun
Laugavegur 166
105 REYKJAVÍK
Ísland

	Skipulagsstofnun
Mótt.: 24 mars 2022	
Malnr.	
2022020923	

Reykjavík, 24.3.2022
Tilvisun: 202203-0066/6.01.04

Efni: Starfsleyfi Íslandsþari ehf.

Vísað er í bréf Skipulagsstofnunar frá Mars 2022 þar sem óskað er eftir umsögn Vinnueftirlitsins um það hvort starfsemi Íslandsþara ehf. á stórbara við strendur Norðurlands skuli háð mati á umhverfisáhrifum, samfara veitingu starfsleyfis. Samkvæmt þeim gögnum sem málinu fylgja er ekki endanleg staðsetning vinnsluhúsnæðis ákveðin en talið er líklegt að Dalvík eða Húsavík verði fyrir valinu en þörf er á hafnar/athafnasvæði sem hæfir starfsemi sem þessari, með góðu aðgengi að hafnarbakka til löndunar á þara og er í samræmi við skipulag sveitarfélaganna. Um er að ræða 4000-6000m² hefðbundið vinnsluhúsnæði með kæligeymslu fyrir löndun á þara, birgðarýmum fyrir önnur hráefni og afurðir ásamt aðstöðu til þróunar á vöru. Öll vinnsla fer fram innahúss.

Varðandi framkvæmdir, hönnun og vinnu þarf að huga að lögum nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Einnig gilda Reglugerðir nr. nr.390/390 553/2004 um vissa þætti í þessari framkvæmd. Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við verkefnið / framkvæmdina.

F.h. Vinnueftirlitsins

Gudjón Birkisson
Guðjón Birkisson gudjon@ver.is

Afrit
Skipulagsstofnun, skipulag@skipulag.is, sigurdur.asbjornsson@skipulag.is